

Missa Dei Patris

Jan Dismas Zelenka (1679-1745) var frá Bæheimi þar sem nú er vesturhluti Tékklands. Hann má hiklaust telja til stórmenna síðari hluta barokktímans. Zelenka var samtímamaður Johanns Sebastians Bachs sem hafði mikið álit á þessum kollega sínum, notaði verk hans í Tómasarkirkjunni í Leipzig og vitað er að Zelenka var gestur á heimili Bach-fjölskyldunnar. Verkið Missa Dei Patris er í tuttugu köflum þar sem skiptist á kór, einsöngur og samsöngskaflar einsöngvaranna. Þrjár aríur eru í verkinu, tvær altaríur og bassaríá en segja má samt sem áður að verkið sé fyrst og fremst kórverk. Kórinn er í aðalhlutverki. Af köflunum tuttugu eru aðeins fimm þar sem kórinn kemur ekki við sögu. Zelenka notar skemmtilega og framsækna hljómfraði sem kannski má segja að sé einhvers staðar milli Vivaldis og Bachs. Hann hefur ítölsku snerpuna, gleðina og húmorinn og blandar því saman við þýsku reglufestuna og skipulagið. Zelenka fer óvenjulegar leiðir með hinn sígilda messutexta, brýtur þar óskrifaðar reglur um karakter og hraða. Í verkum flestra tónskálda er miskunnarbænin hægferðug og einkennist af auðmýkt en hér er hún að stærstum hluta í hröðum og glaðlegum takti hjá Zelenka. Óhætt er að segja að hraði og léttleiki einkenni líka allt verkið. Það er lifandi og fjörugt og sýnir vel hversu gaman fólk gat haft af lífinu á barokktímanum. Við erum líka komin hér undir lok tímabilsins þegar gæta fór þess léttleika sem síðar réð ferð hjá tónskáldum eins og G.P. Telemann og W.A. Mozart. Á tónleikunum í Hofi 28. apríl verður Kór Akureyrarkirkju skipaður hátt í 80 manns. Kórinn er stærsti kirkjukór landsins um þessar mundir. Þetta frábæra verk Zelenka, Missa Dei Patris, hrífur við fyrstu hlustun og svo alltaf meir og meir. Flutningurinn er samvinnuverkefni Kórs Akureyrarkirkju, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Barokksmiðju Hólastiftis.